

Þingsályktun.

Kirkjuþing unga fólksins tekur undir 20. mál sem liggur fyrir komandi kirkjuþingi þar sem lagt er til að farið verði í átak í sunnudagaskólafræðslu. Kirkjuþing unga fólksins hvetur til þess að málið verði samþykkt og leggur áherslu á mikilvægi þess að vel sé staðið að sunnudagaskóla þjóðkirkjunnar og að vandað sunnudagaskólaefni standi öllum sóknum til boða.

Upphafleg tillaga með greinargerð og nefndarálit.

Kirkjuþing unga fólksins 2025

2. mál - þskj. 2

T I L L A G A

til þingsályktunar um átak í sunnudagaskólafræðslu.

Flm. Sóley Adda Egilsdóttir.

Kirkjuþing unga fólksins tekur undir 20. mál sem liggur fyrir komandi kirkjuþingi þar sem lagt er til að farið verði í átak í sunnudagaskólafræðslu. Kirkjuþing unga fólksins hvetur til þess að málið verði samþykkt og leggur áherslu á mikilvægi þess að vel sé staðið að sunnudagaskóla þjóðkirkjunnar og að vandað sunnudagaskólaefni standi öllum sóknum til boða.

Greinargerð.

Sunnudagaskólinn er einn af grunnstoðum kirkjustarfsins og mikilvægt að vel sé staðið að honum um allt land. Kirkjuþing hefur þegar samþykkt árið 2021 að setja barna- og unglingastarf í forgang í kirkjunni og telur kirkjuþing unga fólksins að rétt sé að taka næsta skref svo efla megi sunnudagaskólann enn frekar. Með lækkandi sóknargjöldum hafa margir söfnuðir ekki getað keypt sunnudagaskólaefni Fræðsludeildar Þjóðkirkjunnar og því væri æskilegt að fræðsluefni sunnudagaskólans væri afhent söfnuðum að kostnaðarlausu.

Nefndarálit.

Flm. Guðlaug Gyða Hannesdóttir

Kirkjuþing unga fólksins tekur undir 20. mál sem liggur fyrir komandi kirkjuþingi þar sem lagt er til að farið verði í átak í sunnudagaskólafræðslu. Kirkjuþing unga fólksins hvetur til þess að málið verði samþykkt og leggur áherslu á mikilvægi þess að vel sé staðið að sunnudagaskóla þjóðkirkjunnar og að vandað sunnudagaskólaefni standi öllum sóknum til boða.

Sunnudagaskólinn er ein af grunnstoðum kirkjustarfsins og mikilvægt að vel sé staðið að honum um allt land. Kirkjuþing hefur þegar samþykkt árið 2021 að setja barna- og

unglingastarf í forgang í kirkjunni og telur kirkjuþing unga fólksins að rétt sé að taka næsta skref svo efla megi sunnudagaskólann enn frekar. Með lákkandi sóknargjöldum hafa margir söfnuðir ekki getað keypt sunnudagaskólaefni Fræðsludeildar Þjóðkirkjunnar og því væri æskilegt að fræðsluefni sunnudagaskólans væri afhent söfnuðum að kostnaðarlausu. Nefndin er sammála þessu máli og vill leggja áherslu á mikilvægi þess að efni sé aðgengilegt fyrir allar sóknir óháð fjárhagsstöðu svo að öll börn fái sömu tækifæri úr sunnudagaskóla fræðslunni óháð búsetu.